




Víkurskóli

Sjálfsmat skóla á innra mati
2022, 2024 og 2025.

Tekid saman af skrifstofu stjórnsýslu, gagna og gæða

Skóla- og frístundasvið 2025



Framkvæmd

Þessi samantekt fjallar um sjálfsmat innra mats í Víkurskóla. Samantektina er hægt að skoða milli ára fyrir skólann og í samanburð við aðra skóla í Austurmiðstöð.

Innra mats teymi skólans lagði mat á stöðuna þegar þróunarverkefnið „Saman komumst við lengra“ hófst árið 2022, mat stöðuna aftur árið 2024 þegar skólinn var komin vel af stað í þróunarverkefninu og í lok þróunarverkefnis, árið 2025.

Niðurstöðurnar eru settar fram fyrir skólann og bornar saman við heildarniðurstöður annarra skóla í Austurmiðstöð. Þann fyrirvara er vert að hafa í huga varðandi túlkun á heildarniðurstöðum að þær byggjast á mati mismunandi hópa sem mögulega hafa gefið sér mismunandi forsendur þó svo að matið byggji á sömu viðmiðunum. Niðurstöður ber því að túlka einungis sem vísbendingar.

Sjálfsmatið nær til sex þátta innra mats:

- Gæði framkvæmdar – markmiðsbundið innra mat sem er samofið daglegu skólastarfi.
- Hvati til innra mats.
- Matsferli: matsaðferðir og ígrundun.
- Árangur og afleiðingar.
- Þátttaka hagsmunaaðila.

Hver þessara þátta var metinn á fimm punkta kvarða:

- Stig 1: Engin framkvæmd innra mats til staðar
- Stig 2: Þróun verklags í innra mati er komin stutt á veg og ófullnægjandi
- Stig 3: Grunnkröfum um verklag í innra mati er mætt
- Stig 4: Verklag í innra mati er vel þróað og staða þess góð
- Stig 5: Verklag í innra mati er til fyrirmyndar og samofið daglegu skólastarfi







Niðurstöður

Eftirfarandi myndir sýna niðurstöður fyrir sjálfsmat skólans árin 2022, 2024 og 2025 í samanburði við heildarniðurstöður annarra skóla í Austurmiðstöð.

2022: Víkurskóli borinn saman við grunnskóla í Austurmiðstöð.




2024: Víkurskóli borinn saman við grunnskóla í Austurmiðstöð.





2025: Víkurskóli borinn saman við grunnskóla í Austurmiðstöð.





Heildarniðurstöður:

Grunnskólar í Austurmiðstöð mátu stöðu innra mats hærra árið 2024 en þeir gerðu árið 2022, þegar þróunarverkefnið „Saman komumst við lengra“ hófst. Þegar skólar mátu sig í þriðja sinn, árið 2025, voru niðurstöður svipaðar og árið 2024, þar sem skólar mátu stöðu innra mats að meðaltali í 4 af 5 stigum mögulegum. Nokkrir skólar mátu stöðuna lægri 2025 en 2024, en líklegt má telja að það sé vegna þess að matsteymi þekkja betur til innra mats og gera meiri kröfur eftir því sem þekkingin verður meiri.

Heilt yfir meta skólar í Austurmiðstöð stöðu innra mats góða og liggur áskorunin þeirra helst í að viðhalda þeirri vinnu og þekkingu sem hefur skapast í kjölfar þróunarverkefnis um innra mat.

